

Fulltrúaráðsfundur
30. mars 2010 kl.20:30
í húsnæði HRFÍ Síðumúla 15

Boðað var til fulltrúaráðsfundar með tölvupósti þann 17. og 18. mars sl.

Mættir voru fulltrúar frá öllum deildum nema spaniel-, tíbet spaniel- og spítzhundadeild. Alls mættu 34.

Dagskrá

- Punktur frá NKU vísindaráðsfundi, ágúst 2009- Helga Finnsdóttir, dýralæknir
- Punktur frá NKU fundi 13.janúar sl. – Guðríður Valgeirsdóttir, varaformaður
- Fréttir frá stjórn og skrifstofu HRFÍ
- Umræður og upplýsingar/fréttir frá deildum
- Önnur mál

NKU vísindaráðsfundur haldinn á skrifstofu HRFÍ 17. og 18. ágúst 2009 - Helga Finnsdóttir, dýralæknir

Fundur heilbrigðisnefnda (vísindaráða) NKU var haldinn aftur hér í ágúst s.l. og var ástæðan sú að þá var einnig haldinn vinnufundur stjórna norrænu félaganna í sambandi við afmælishátíð félagsins. Ástæðan er sú að komi upp einhver mál er varða heilbrigði, og sem taka þarf á, er nauðsynlegt að koma málinu sem fyrst inn á vinnufund NKU.

Sem betur fer reyndist það ekki raunin og því var fundurinn hefðbundinn vinnufundur þar sem haldið var áfram með þau mál sem horfið var frá á fundinum í október 2008. Og þau voru ekki mörg né ströng!

Í byrjun hvers fundar er farið yfir stöðu hvers félags, fjárhag, fjölgun/fækkun skráninga og rannsóknir er félögin standa að eða styrkja. Nefna má að Finnar vinna í lífsýnabanka, Norðmenn íhuga að setja ræktunarbann (banna) á afkvæmi alsystkina/móður-son etc. Genarannsóknir eru ofarlega á baugi og rætt er um stofnun norræns lífsýnabanka og heilbrigðisnefndir hvöttu DNA hópinn 2008 til að huga að því hvernig ætti að standa að söfnun lífsýna, skrá verði sömu sjúkdómanna í öllum löndunum, samræma verði hvert eigi að senda sýnin til að fá einsleita niðurstöðu osfrv.. Enn var rætt um að rannsóknarstofur sendi niðurstöður til félaganna svo unnt verði að halda utan um þær (Optigen t.d.). Einhugur um að áherzla á öflugar genarannsóknir leiði til þess að unnt verði að staðsetja sjúkdómshættu og að þá aukist þekkingin á arfgengum sjúkdómum.

Rætt er um rangar upplýsingar í ættbók séu mjög alvarlegar og auðvitað afar slæmt fyrir kynið. Ræktendur ættu sjálfviljugir að láta staðfest faðerni fylgja með umsókn um ættbókarskráningu og félögin og ræktunarklúbbarnir ættu að hvetja til þess. Nefnt að því hætta sé á því að ræktendur gefi rangar upplýsingar um foreldra séu kröfurnar mjög ólíkar. Hugsanlegt að hafa einhverja „gulrót“ fylgi sönnun á ætterni hundsins með umsókn um ættbókarskráningu. Stærstu vandamál varðandi rangar ættbókarskráningar fylgja aðallega „stórum“ ræktendum og innflutningi hvolpa frá A-Evrópu!

Minnst á mikilvægi þess að hafa sömu reglur á sýningum varðandi bólusetningar, dýr sem hafa undirgengist ófrjósemisaðgerðir og hvolpafullar tíkur. (Ekki sýna tíkur gegnar með meira en 42 daga og/eða eru á hvolpum yngri en 8 vikna.) Í ljós kom að félögin vinna að því að setja sambærilegar reglur að þessu lútandi.

Svona í lokin má til gamans nefna að frá og með 1. febrúar 2010 krefst breska hundaræktarfélagið að við augnskoðun verði hundar að vera auðkenndir!

NKU fundur þann 13. janúar 2010 í Danmörku – Guðríður Valgeirsdóttir, varaformaður

Sviar eru í forsvari fyrir NKU fyrir 2010 – 2012.

Þeir lögðu fram skjal varðandi vinnutilhögun næstu þrjú árin svo sem: Fundaboðanir, tímamörk fundaefnis fyrir fundi og skil fundagerða . Samþykkt var að stofna NKU –Freestyle nefnd.

Næstu fundur verður haldinn í Helsinki í september. Eftir fundinn er fyrirhugað að bjóða fulltrúum klúbbanna í Baltnesku löndunum til viðræðna um sameiginleg álitamál. Er þar átt við frá Eistlandi, Lettlandi og Litháen Það er búið að staðsetja allar Norðurlandakeppnir til ársins 2015 meðtölu. Reglur varðandi keppni í NKU Freestyle hafa séð dagsins ljós og verða reyndar 2010.

NKU samþykktir frá árinu 1993 - 2009

Ulf Uddman framkvæmdastjóri SKK lagði fram til kynningar og afhendingar möppur með samþykktum NKU frá árinu 1993 og til loka 2009. Frábært framtak. Möppunum er skipt í tvo hluta, annars vegar varðandi hundakynin og hins vegar skráningar. Síðan er það í höndum viðkomandi hundaræktarfélaga að halda áfram að færa inn samþykktir og það sem gerist markvert innan samtakanna.

Fundargerðir frá hlýðni- og hundafimi nefndum NKU lagðar fram og kom fram í umræðu um hlýðnireglurnar, að væntanlega væru sér „einkenni“ hjá hverri þjóð fyrir sig.

Fundargerð NKU/VK

Rætt um mikilvægi DNA prófa og nauðsyn þess að uppfærðir séu listar yfir þau próf sem er hægt að framkvæma. Erindi barst frá fundi Vísindanefndar NKU en sá fundur var haldinn í húsakynnum HRFÍ í ágúst s.l.:

- a) Að í sameinuðum sýningarreglum verði ákvæði varðandi bólusetningar, vanaða hunda og hvölpafullar tíkur.
- b) Fundurinn lýsti ánægju sinni yfir því að breska hundaræktarfélagið geri nú kröfur um örmerkingu fyrir augnskoðanir og vildu sjá KC gera þessa kröfu varðandi fleiri atriði. Vísindanefndin óskaði eftir því að NKU/AU sendi bréf til Bretlands þessu til stuðnings. Ekki náðist samþykki fundarins um að verða við þeirri ósk Vísindanefndar NKU.

Fundargerð Evrópudeildar FCI var lögð fram með gögnum fyrir þennan fund.

Í tengslum við það sagði Jörgen Hindse form. þeirrar deildar frá því að fulltrúum hafi verið boðið þátttaka í uppákomu þar sem 200 fulltrúar Evrópusambandsins kæmu saman, nokkuð sem er kallað „Pet Night“.

Þeim stóðu til boða þrjár klukkustundir til að kynna hvað Evrópudeild FCI gerir fyrir sína félagsmenn og átti að leggja áherslu á heilsufar og ræktun hreinræktaðra hunda.

Sameinaðar sýningarreglur á Norðulöndum.

Það átti eftir að lenda nokkrum atriðum svo sem:

Reglum varðandi bólusetningar.

SKK kom fram með þá ósk að veita mætti heiðursverðlaun í ungliða og unghundaflokki.

Fulltrúar hinna landanna voru því ekki samþykkir, enda samrýmdist það ekki sýningarreglum FCI.

SKK kom með spurningu til DKK varðandi meistaratitil.

DKK : Hjá þeim munu gilda sömu reglur og á öðrum Norðulöndum, þ.e.a.s. að hundur hafi náð 24 mánaða aldri .

Ræktunarahópar verður aftur 2011 í FKK
Finnar leyfa vönuðum hundum ekki að taka próf.

Rætt um að hafa það frjálst hvort tegundahópar 6 og 8 verði dæmdir saman.
Finnar dæma saman tegundahópa 6 og 8, einnig tegundahópa 4 og 6 , þó ekki á alþjóðlegum sýningum .

Espen Eng fékk mikið þakklæti fyrir formennsku í nefndinni og þá miklu vinnu sem er að baki og ekki síst fyrir frábærar tillögur sem allir gátu sæst á.
2011 verður reynsluár sýningareglanna og e.t.v. fer fram endurskoðun á þeim 2012.

FKK – Bréf til „General Committee“ frá NKU

Eftir gildistöku sýningarmeistaratitils FCI, sendu finnsku, norsku og sænsku hundaræktarfélagin erindi til FCI þar sem þeir mótmæltu fyrirnefndum titili fyrir 14 tegundir þeirra þjóðarhunda, sem hafa verið með vinnukröfur í yfir 100 ár. Þess er krafist að þjóðarhundar þessara landa af veiðihundakyni (Group 5 & 6) verði undanþegnir International Show Championship titlinum(CIE). Er þessarar undanþágu krafist fyrir hunda sem eru skráðir og í eigu aðila, sem búsettir í í þessum þremur löndum.

Svar frá FCI: Þessum lið, sem var ræddur á fundi í júlí 2009, hefur verið frestað, þar sem beðið er niðurstöðu umræðu frá General Assembly um CIE. Stjórn FCI hefur ákveðið að umrædd hundakyn geti sótt um titilinn sem stendur. Málið verður rætt í starfshópi, sem skipaður verður af nýjum varaforseta FCI

FKK var falið að fylgjast með málinu og kanna framkvæmd samþykktarinnar eftir stjórnarfund FCI sem átti að halda í febrúar 2010.

FKK – Viðurkenning til ættbókarskráningar og á sýningar innan NKU landanna á Toy Fow Terrier sem ættbókarfærðir eru hjá AKC.

Samþykkt að fyrri ákvarðanir varðandi tegundina standi óbreyttar.

Tegundin nefnist Toy fox Terrier og verði í FCI tegundahópi 3.

Aðeins hundar skráðir hjá AKC verða viðurkenndir. Ræktunarmarkmið sem er viðurkennt í AKC gildi einnig innan NKU landanna.

FKK- Umræður og tillaga til FCI General Committe og Vísindanefndar FCI um aflestur mjaðmamýnda.

Skv. fundargerð í FCI Breeding Commission sem var haldinn 23 maí 2009.

Í þessari fundargerð er vitnað til funda á nefndinni sem voru haldnir í Vín 2007 og Bern 2008.

Málið varðar aflestur mjaðma- og olnbogamynda.

Aflestur skal fara fram í því landi sem eigandi hunds býr.

Þetta var samþykkt í stjórn FCI en beið lokaálits vísindanefndar FCI.

Að mati FKK eru slíkar reglur takmarkandi og skref afturábak, þar sem Norðurlönd hafa í ríkara mæli innleitt stafræna röntgenmyndir sem gerir aflestur „ landamæralausa“ sbr. núverandi aflesara fyrir FKK og SKK sem er ein og sama persónan.

Þeir komu með tillögu þess efnis að sent yrði bréf frá NKU til FCI samhljóðandi samþykkt frá fundi hjá vinnunefnd um mjaðmamyndir sem haldin var í Kaupmannahöfn 2006. Þar sagði að aflestur myndanna ætti að framkvæmast af sérmenntuðum dýralæknum sem væru samþykktir af viðkomandi lands hundaræktarfélagi og/eða ræktunardeild viðkomandi hunds.

Niðurstaða: Tillagan frá FKK ekki samþykkt.

FKK – Umræður og ef til vill tillaga til FCI varðandi ræktunarnöfn.

Í Finnlandi eru allir eigendur ræktunarnafns jafn ábyrgir, en skv. tillögu FCI ræktunarnefndarinnar frá því í maí s.l. stendur m.a. að einn ábyrgur einstaklingur standi fyrir eign ræktunarnafns. Því samræmast reglur FKK ekki reglum FCI og vildu þeir heyra hvernig þetta væri á hinum Norðurlöndunum og hvort ætti að senda erindi til FCI.

Niðurstaða: Ekki samþykkt að senda erindi til FCI varðandi málið.

SKK- Rannsóknarstofa – lyfjapróf ?

Finnarnir komnir vel á veg með málið.

Fyrstu prófin voru gerð í kringum „Finsk Vinnare“ í desember s.l., og voru niðurstöður væntanlegar. Samningar tilbúnir til undirskrifa.

Niðurstaða: FKK mun koma með upplýsingar að samningum undirskrifuðum.

SKK – Danskur –Sænskur Gårdshund.

Lítill samvinna er í Svíþjóð og Danmörku milli eigenda þessara hunda, þó að þessi tvö lönd beri sameiginlega ábyrgð á ræktunarmarkmiðinu. Ýmis vandamál eru til staðar og var hvatning frá DKK um samvinnu.

Niðurstaða: SKK tók að sér bréfaskriftir til klubbanna með hvatningu um samvinnu.

Fréttir frá löndunum:

DKK:

Áherslan er lögð á undirbúning fyrir heimssýninguna 2010. Áætlunin virkar vel.

Samningur við stuðningsaðila er undirskrifaður : Eukanuba og Agria.

Stærsta vandamálið er gisting og var í jan.s.l. næsta fánlega gisting í 50 km. fjarlægð.

Í árslok 2009 hafði ættbókarskráningum fækkað um 5%.

Í ársbyrjun 2009 hafði félagafjöldi fækkað um 20 % en í árslok fjölgað um 8 %, sem þeir þakka fyrst og fremst því að aðeins félagsmenn hafa aðgang inn á vefinn hjá þeim.

10-11 tegundir verða fljótlega bannaðar í Danmörku. Yfirvöld vildu banna um 40 tegundir og sumar þeirra eru ekki til í Danmörku. Voru þeir að vonum ánægðir með að hafa náð tegundunum niður í ca. 10. Einnig verða bannaðir blendingar af sömu tegundum, þetta eru eftirtaldar tegundir:

Pitbull terrier (registreras ej), tosa inu (21), american staffordshire terrier (2653), fila brasileiro (85), dogo argentino (459), amerikansk bulldog (registreras ej), boerboel (registreras ej), kangal (0), centralasiatisk ovtjarka (10), kaukasisk ovtjarka (115),sydrysk ovtjarka (33), tornjak (1), sarplaninac (24)

Líklega munu þessi lög taka gildi eftir heimssýninguna.

FKK:

Þeir hafa fækkað starfsfólki. Félagasmönnum hefur fjölgað um 3 %, þátttaka í prófum aukist um 10% og þátttaka á sýningum um 2%.

Tvöföld sýning FKK í desember heppnaðist mjög vel. 8600 hundar fyrri daginn og 8400 á sunnudeginum. Fjárhagsstaða FKK er góð, ekki síst í ljósi þess að sýningarnar í desember skiluðu 0.3 millj. evra í kassann.

Á tvöfaldri sýningu 2010 verður keppt um nýjan titil „ Helsinki Winner“

NKK:

73.000 félagsmenn og 30.000 ættbókarskráningar hvolpa 2009. Þátttökuaukning á sýningar. Fjárhagsstaðan er góð. Eukanuba og Agaria eru nýir styrktaraðilar. Endurskipulag varðandi starfsfólk á skrifstofunni hefur farið fram og NKK mun leggja mikla áherslu á þróun tölvukerfisins. Norska smáhundaklúbbnum hefur verið skipt, sem þýðir að innan ramma NKK eru margar nýjar ræktunardeildir. Væntanleg er ráðstefna með nýju ræktunardeildunum. Á fulltrúaráðsfundi í apríl verða kynntar nýjar reglugerðir.

SKK:

Ættbókarskráningum hvolpa fækkaði um 4% árið 2009
Félagafjöldinn minnkaði um ca. 1% og var aukning á sýningar um 5%.
Fjárhagsstaðan er jákvæð um 3-4 millj. SEK.
SKK mun standa fyrir stórrí alþjóðlegri ráðstefnu þar sem verður fjallað um tengslin milli manna og hunda. Slík ráðstefna er haldin þriðja hvert ár og mikill fjöldi sérfræðinga og fræðimanna eru væntanlegir. SKK mun standa fyrir umræðum varðandi ofnæmi. Aðildarlöndum NKU verður boðin þátttaka. Reglur fyrir próf og keppnir verða endurskoðaðar og munu nýjar taka gildi 1.januar 2012.

Önnur mál:**Rallyhlýðni**

a) NKK báðu um reglur varðandi þessa keppi.
SKK og DKK munu senda sínar reglur til NKK.

b) Sameining – meistaratitlar.

NKK kom með fyrirspurn hvort áhugi væri fyrir hendi innan NKU landa að sameina reglur varðandi skráningu á meistaratitlum.?

SKK hámarka skráningu 6 titla.

Niðurstaða: Ekki var áhugi fyrir sameiningu reglna varðandi þetta atriði.

c) ISO-merking þjóðareinkenni við ættbókarskráningu.

FCI hefur óskar þess að aðildarlöndin noti alþjóða ISO-merkinguna í sínar ættbókarskráningar. Spurning frá SKK til NKK hvort komi til greina að þeir breyti frá N yfir í NO. Espen tók að sér að fylgja spurningunni eftir innan NKK.

SKK hefur frá 1.jan.2010 breytt frá S yfir í SE, en aðeins á nýskráningum.

Næstu fundur verður haldinn 22.-23 september í Helsinki.

Guðríður Þ. Valgeirsdóttir

Fréttir frá stjórn og skrifstofu HRFÍ**Starfsmaður á skrifstofu hættir**

Helga Andrésdóttir sem hefur verið starfsmaður í hlutastarfi frá árinu 1996 sagði upp starfi sínu á skrifstofunni frá og með síðustu mánaðarmótum. Starf hennar verður auglýst eftir páska.

Alþjóðleg hundasýning 27.-28. febrúar 2010 – Metþátttaka

Metþátttaka var á alþjóðlegu hundasýningu félagsins sem fór fram helgina 27. - 28. febrúar 2010 í Reiðhöll Fáks í Víðidal í Reykjavík. Skráðir voru 871 hreinræktaðir hundar af 88 hundakynjum í dóm. Dómarar voru: Angel Garach Domech (Spánn), Benny Blid (Svíþjóð), Elina Tan-Hietalahti (Finnland), Espen Engh (Noregur), Ferelith Somerfield (Bretland), Zlatko Kraljic (Króatía). Viktoría Jensdóttir dæmdi 39 unga sýnendur föstudaginn 26. febrúar. Rakel Ósk Sigurðardóttir var ljósmyndari sýningar. Nýr bogaveggur með logo Pedigree, VÍS og HRFÍ var tekinn í notkun á þessari sýningu. Greiddu Pedigree og VÍS fyrir hann. Dómarar lýstu yfir ánægju með frábært starfsfólk og góða skipulagningu. Einnig lýstu þeir yfir ánægju sinni með allt unga fólkið sem tók þátt í sýningunni. Þrátt fyrir slæmt veður þá var aðsókn á sýninguna ágæt.

Pakkarbréf frá dómurum eftir sýningu:

Angel Garach Domech (Spánn):

Hi Vala:

I enjoyed the show & tour a lot, however I was not in very good conditions (quite cold) and without my luggage.

Benny Blid (Svíþjóð):

Hallo, and thank you for a very nice show and good taken care of during the days in Iceland. It was very interesting to see the dogs and judge them and hope the exhibitors understood what I did and why.

Unfortunately there was not many possibilities to talk to them on Sunday night at the dinner. Would have been nice to talk more about coats and grooming with the Schnauzer people. Hotel was excellent and so was the day long trip we were taken to on Monday. Flight was late on Monday so that made it a long day home. Now back in a snowy Sweden with job, dogs, and puppies. Again thank you for the week end and also thanks to my very good stewards and maybe see you again.

Regards

Benny

Ferelith Somerfield (Bretland):

Dear All the Wonderful Organisers we met,

I am so glad that the show was a success for you - you deserved it. It was an honour to take part and I must thank you very much for including me on such an interesting panel of judges.

I shall always have great memories of Iceland. Congratulations on having so many good dogs and for the sportsmanship of your exhibitors.

Thank you too for enabling us to see the Icelandic horses. I am glad that I brought back with me lots of postcards portraying your special horses, but seeing them so close up in the flesh can never be surpassed.

It really was a wonderful weekend. Thank you very much.

Ferelith Somerfield

Espen Engh (Noregur):

Dear Vala

We are the ones that owe you thanks! We had a lovely time in Iceland and will treasure the memories.

Sorry for not having written to say a BIG THANK YOU before!

All the best and regards to the rest of your committee!

Espen

Augnskoðun

Áætlað var að fá dýralæknana Finn Bøserup og Jens Knudsen frá Danmörku til að augnskoða hunda í Reiðhöllinni í Víðidal dagana 27. og 28. febrúar, í tengslum við alþjóðlega hundasýningu félagsins. Vegna dræmrar þátttöku var augnskoðun frestað fram til júnísýningarinnar.

Afmælissýning chihuahuedeildar

Afmælissýning chihuahuedeildar HRFÍ var haldin í Blómaval 6. mars sl. Dómari var Arne Foss frá Noregi. Alls voru 66 hundar skráðir til þátttöku.

Nýjar kennsluáferðir í dómaraári fyrir ungt fólk

Danska hundaræktarfélagið hefur sett á laggirnar nýtt dómaraári fyrir ungt fólk á aldrinum 16-30 ára. Dómaraárið er í umsjón Kresten Scheel, Svend Lövenkjær og Annette Bystrup. Hundaræktarfélag Íslands hefur samið við Kresten, Svend og Annette að halda samskonar námskeið í júní á næsta ári. Til að ferð dómara til Íslands hafa þau samþykkt að dæma á júní sýningunni árið 2011. Námskeiðið verður auglýst fljótlega.

Aflestur á mjaðma- og olnbogamyndum

Hundaræktarfélag Íslands er að gera nýjan samning við NKK þar sem við vonumst til að fá betri og fljótari afgreiðslu. Einnig er verið að kanna hvort félagsmenn geti leitað til hinna hundaræktarfélaganna og gera vinnuferlið skilvirkara.

Hundaræktarfélag Íslands hefur í framhaldi af því ákveðið að samþykkja aflestur mynda hjá OFA í USA en hundarnari verða að vera orðnir tveggja ára þegar þeir eru myndaðir.

Nýjar málsmeðferðarreglur siðanefndar

Siðanefnd hefur samþykkt nýjar málsmeðferðarreglur. Reglurnar voru kynntar stjórn á sameiginlegum fundi og var það niðurstaða allra fundarmanna að reglurnar væru til bóta auk þess sem þær eru fallnar til að auka gagnsæi starfa siðanefndar og ættu að vera upplýsandi fyrir félagsmenn. Reglurnar ásamt úrskurðir nefndarinnar verða aðgengilegir fyrir félagsmenn á vefsíðu HRFÍ á sérstöku svæði merkt *Siðanefnd*. Málsmeðferðarreglurnar verða kynntar í næsta tölublaði Sáms, þær er einnig að finna á vefsíðu HRFÍ.

Tillaga veiðiprófanefndar HRFÍ að dagskrá veiðiprófa fyrir standandi fuglahunda árið 2010 hefur verið samþykkt einnig tillaga starfs- og veiðinefndar að dagskrá retrieverdeildar árið 2010. Sjá upplýsingar á vefsíðum deildanna.

Búið er að samþykkja dagskrá vinnuhundadeildar fyrir árið 2010. Hægt er að sjá dagskránnar á vefsíðu deildarinnar.

Skapgerðarmat verður í Sólheimakoti í maí, júní og ágúst. Sjá nánari upplýsingar á vefsíðu félagsins.

Fjórir hringstjórar HRFÍ útskrifaðir

Sóley Halla Möller, Helga Andrésdóttir, Helga Þórðardóttir og Herdís Hallmarsdóttir hafa verið viðurkenndar sem hringstjórar HRFÍ. Þær hafa fengið frábær meðmæli frá þeim sem leiðbeindu þeim í hring og dómurum.

Stjórn HRFÍ hefur samþykkt nýjar heilsufarskröfur fyrir shih tzu-, schnauzer- og retrieverdeild. Hægt er að sjá gildandi breytingar á vefsíðu félagsins.

Heilbrigðiskröfur fyrir shih tzu hunda verður eftirfarandi:

Shih tzu

Augnvottorð: Vottorð má ekki vera eldra en 13 mánaða við pörun. (Gildir frá 01.06.2010)

Heilbrigðiskröfur fyrir dvergschnauzer verður eftirfarandi:

Dvergschnauzer

Augnvottorð: Vottorð má ekki vera eldra en 18 mánaða við pörun. (Gildir frá 01.06.2010)

Heilbrigðiskröfur fyrir risaschnauzer verður eftirfarandi:

Mjaðmamyndir: Undaneldisdýr skulu mynduð og niðurstaða kunn fyrir pörun. (Gildir frá 01.11.1999).

Greinist hundur með mjaðmalos D eða E verða afkvæmi hans ekki skráð í ættbók. (Gildir frá 01.06.2010).

Heilbrigðiskröfur fyrir retriever verður eftirfarandi:

Augnvottorð: Vottorð má ekki vera eldra en 18 mánaða við pörun. (Gildir frá 01.11.1999).

Mjaðma- og olnbogamyndir: Undaneldisdýr skulu mynduð og niðurstaða kunn fyrir pörun. (Gildir frá 01.11.1999).

Greinist hundur með mjaðma- og/eða olnbogalos D eða E verða afkvæmi hans ekki skráð í ættbók. Afkvæmi hunda sem báðir eru með C olnboga eða C mjaðmir fást ekki skráð í ættbók. (Gildir frá 01.06.2010).

Eftirtaldar tegundir: Labrador retriever, Chesapeake Bay retriever, Nova Scotia Duck Tolling retriever (gildir frá 01.01.2007) og Golden retriever (gildir frá 01.06.2008) verða að hafa undirgengist DNA próf gagnvart PRA til að hvolpar fáist skráðir í ættbók HRFÍ.

Óheimilt er að para saman hunda sem greinst hafa sem PRA berar. Heimilt er þó að para hund sem hefur greinst sem PRA beri svo framanlega að hinn hundurinn sé PRA hreinn (Normal clear N/C, Normal clear by parentage N/C/P).

Reglur um lágmarksaldur við pörun

Samkvæmt Grundvallarreglum HRFÍ getur sérdeild óskað eftir lágmarksaldri við pörun tíka. Búið er að samþykkja beiðni terrierdeildar um að lágmarksaldur við pörun yorkshire terrier og silky terrier tíka verði 18 mánaða.

Stofnun nýrra deilda

Tvær umsóknir hafa borist til stjórnar HRFÍ um stofnun nýrra deilda, yorkshiredeild og st. Bernharðsdeild. Vísindaráð hefur mælt með stofnun þeirra beggja. Tillaga að stofnun þessara tveggja deilda verður lögð fyrir næsta aðalfund. Ef stofna á nýjar deildir þarf að skila inn umsókn um það sem fyrst til stjórnar svo hægt verði að bera tillöguna upp á aðalfundi.

Aðalfundir deilda

Aðalfundir deilda standa standa nú yfir:

Mjóhundadeild, laugardaginn 6. febrúar

Spítzhundadeild, föstudaginn 26. febrúar

Pinsher, mastiff og fjallahundadeild, þriðjudaginn 2. mars

Papillon-og phalendeild, mánudaginn 8. mars

Retrierverdeild, miðvikudagur 10. mars

Schnauzerdeild, fimmtudaginn 11. mars

Vinnuhundadeild, laugardaginn 13. mars

Shih tzudeild, miðvikudaginn 17. mars
Schäferdeild, fimmtudaginn 18. mars
Cavalierdeild, þriðjudaginn 23. mars, hafa skilað ársskýrslu
Vorstheideild, miðvikudaginn 24. mars, hafa skilað ársskýrslu
Dífl, fimmtudaginn 25. mars
Terrierdeild, laugardaginn 27. mars
Chihuahuedeild, mánudaginn 29. mars
Fjár-og hjarðhundadeild, miðvikudaginn 31. mars
Smáhundadeild, miðvikudaginn 31. mars
Ensk cocker spanieldeild, þriðjudaginn 6. apríl

Kynningabás á heimssýningunni í Herning í Danmörku

Hundaræktarfélagið verður með kynningarbás ásamt öðrum norrænu hundaræktarfélagunum á heimssýningunni í Herning 24.-27. júní n.k. Verið er að hanna bogavegg frá Samskiptum til að fara með á heimssýninguna. Valgerður Gunnarsdóttir grafískur hönnuður hefur tekið að sér að hanna auglýsingu á bogavegginn. HRFÍ þarf ekki að greiða fyrir básinn en greiðir fyrir aukabúnað sem verður í básnum. Valgerður Júlíusdóttir, Jóna Th. Viðarsdóttir og Guðríður Valgeirsdóttir fara f.h. HRFÍ.

Myndlistarsamkeppni FCI - Hundapema

FCI (Federation Cynologique Internationale), alþjóðasamtök hundaræktarféлага stendur fyrir myndlistasamkeppni í tilefni af 100 ára afmæli stofnunarinnar árið 2011. Hundaræktarfélag Íslands hefur verið aðili að FCI yfir 30 ár en í hverju landi hefur aðeins eitt hundaræktarfélag heimild til að starfa undir merkjum þeirra. Þeir sem hafa áhuga á að taka þátt í keppninni þurfa að skila inn myndum sínum til skrifstofu Hundaræktarfélags Íslands fyrir 6. maí 2010. Öllum er heimil þátttaka. Valdar verða 5 myndir, ein úr hverjum neðangreindum aldursflokki, viðfangsefnið er *Hundurinn.....*

| | |
|-------------|-----------------|
| Flokkur I | 3-7 ára |
| Flokkur II | 7-10 ára |
| Flokkur III | 10- 14 ára |
| Flokkur IV | 14-18 ára |
| Flokkur V | 18 ára og eldri |

Nánari upplýsingar veita starfsmenn á skrifstofu HRFÍ, Síðumúla 15, 108 Reykjavík, s.588-5255

Tilkynning um andlát Dr. Per-Erik Sundgren

Dr. Per-Erik Sundgren lést 1. janúar sl. Per-Erik var mikill stuðningsmaður íslenska fjárhundsins og ISIC. Hann hannaði Lathunden sem er forrit sem reiknar út skyldleikastuðul ræktunarhunda. Deild íslenska fjárhundsins og ISIC hefur notað forritið í mörg ár og notið aðstoðar Per-Eriks í gegnum árin. Sænski brukhundsklúbburinn selur nú Lathunden.

Sólheimakot

Hulda Jónasdóttir félagsmaður HRFÍ gaf félaginu nýtt klósett (wc) sem var sett upp nýlega í Sólheimakoti.

Nýtt ræktunarmarkmið fyrir íslenskan fjárhund.

Búið er að samþykkja nýtt ræktunarmarkmið fyrir íslenskan fjárhund. Vinnan að tillögu að endurskoðuðu og breyttu ræktunarmarkmiði fyrir íslenskan fjárhund hefur staðið yfir síðan árið 2006.

Smáhundakynning í Garðheimum

Samkvæmt Antoni Magnússyni hjá Garðheimum tókst kynningin að vanda hreint frábærlega. Þær tegundir sem mættu í þetta sinn voru: Papillon, Chihuahua, Griffon, Chinese Crested, Am Coker Spaniel, Silky terrier, Yorkshire Terrier Border Terrier, Cairn Terrier, Minatur Pincher, Bichon Frise, Boston Terrier, Cavalier, Japanese Chin, Dvergschnauser, Shih Tzu, Maltese, Coton de Tulear, Langhundar, Poodle og Tibet Spaniel.

Heimsóknarvinir (Rauðakross hundar) voru á staðnum og hundafimi frá HRFÍ var sýnd. Fyrirhuguð er kynning á stærri hundakynjum í mars. Einnig tókst kynning vel á stærri hundakynjum um miðjan mars.

Skipulags- og byggingarsviði Reykjavíkur:

Skipulags- og byggingarsvið Reykjavíkur bauð fulltrúum HRFÍ að taka þátt í sérstökum vinnudegi á Kjarvalsstöðum mánudaginn 11. janúar sl. vegna stefnu um heildarskipulag opinna svæða sem hluta af yfirstandandi endurskoðun aðalskipulags Reykjavíkur.

Tilgangurinn með verkefninu er að móta skýra framtíðarsýn fyrir öll opin svæði í Reykjavík fyrir gildistíma aðalskipulagsins 2010-2030.

Tveir fulltrúar frá HRFÍ tóku þátt í vinnudeginum þær Valgerður Júlíusdóttir stjórnarmaður og framkvæmdastjóri og Margrét Kjartansdóttir stjórnarmaður. Frábært framtak hjá Reykjavíkurborg.

Crufts

Fulltrúi Íslands í keppni ungra sýnenda var stigahæsti ungi sýnandi ársins 2009, Rannveig Gauja Guðbjartsdóttir. Okkar fulltrúi stóð sig mjög vel og var landi og félagi okkar til sóma.

Ræktunarnámskeið

Verið er að skipuleggja ræktunarnámskeið, verður auglýst fljótlega.

Umræður og upplýsingar / fréttir frá deildum

Schäferdeild – Arna Rúnarsdóttir, formaður

Arna sagði að ný stjórn væri tekin til starfa með tveimur nýjum aðilum í stjórn. Arna sagðist vona að það yrði deildinni til bóta.

Terrierdeild – Þórarinn Pálsson

Óbreytt stjórn eftir síðasta aðalfund. Hefðbundin starfsemi er í gangi, jólahittingur var á aðventunni.

Mjóhundadeild – Kristín Kristvinsdóttir, formaður

Þrír nýir aðilar komu inn í stjórn og nýr formaður. Voru með opna sýningu í annað sinn sem fram fór á fimmeiginum fyrir alþjóðlega hundasýningu HRFÍ. Opna sýningin tókst vel, handverksfólki var boðið að selja vörur sínar. Eru með reglulegar göngur og beituhlaupsæfingar.

Chihuahuaeild – Daníel Örn Hinriksson, formaður

Afmælissýning deildarinnar var haldin 6. mars sl. í Blómaval. Sýningin tókst vel og daginn eftir var boðið upp á ræktunarnámskeið. Arne Foss frá Noregi var dómari. Óbreytt stjórn er eftir síðasta aðalfund. Boðið var upp á páskabingó og rætt hefur verið um opin gagnagrunn.

Írsk setterdeild – Margrét Andrésdóttir, formaður

Nokkrar göngur hafa verið á starfsárinu. Deildin hefur verið með bás á öllum sýningum félagsins. Tegundin var kynnt í Garðheimum á stórhundadögum. Stjórn hefur samþykkt veiðipróf deildarinnar. Aðalfundurinn hefur ekki enn farið fram en stendur til að hafa hann fljótlega.

Smáhundadeild – Ásta María Karlsdóttir

Gengur illa að manna störf deildarinnar.

Fjár- og hjarðhundadeild – Lilja Dóra Halldórsdóttir

Verið er að þýða fjárhundapróf FCI. Mikil fjölgun hvolpa er í deildinni. Mikil umræða um heilbrigðiskröfur sérstaklega varðandi augnskoðun.

Íþróttadeild – Anna Birna Björnsdóttir

Voru með kynningu í Garðheimum. Eru með námskeið og opna tíma. Tvær deildir hafa óskað eftir opnum tíma. Deildin er með gönguhóp.

Shih tzudeild – Súsanna Antonsdóttir

Ný stjórn, tveir nýir aðilar komu inn. Metnaðrfull dagskrá framunda.

Vorstehdeild – Kjartan Antonsson

Aðalfundi deildarinnar var frestað um óákveðinn tíma. Stjórn hefur fundað einu sinni í viku. Góð skráning er á hundasýningar. Fjórir nýir hundar innfluttir. Mikil gróska er í starfsemi deildarinnar.

Fundi slitið,

Valgerður Júlíusdóttir, ritaði.